

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 24/2004**

**frá 19. mars 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 frá 6. febrúar 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/213/EB frá 25. mars 2003 um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB gagnvart fjarskiptabúnaði, sem ætlaður er til nota í skipum sem falla ekki undir alþjóðasamninginn um öryggi mannlífa á hafinu, og ætlað er að taka þátt í sjálfvirka auðkenniskerfinu (AIS) <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4zzk (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/148/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zzl. **32003 D 0213**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/213/EB frá 25. mars 2003 um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB gagnvart fjarskiptabúnaði, sem ætlaður er til nota í skipum sem falla ekki undir alþjóðasamninginn um öryggi mannlífa á hafinu, og ætlað er að taka þátt í sjálfvirka auðkenniskerfinu (AIS) (Stjtið. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 46).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/213/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. mars 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 60 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 46.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.